

## Til upplýsinga fyrir skjólstæðinga Kvíðameðferðarstöðvarinnar í upphafi sálfræðimeðferðar

### Trúnaður og lög um réttindi skjólstæðinga

Samkvæmt lögum og siðareglum sálfræðinga eru sálfræðingar Kvíðameðferðarstöðvarinnar (KMS) bundnir trúnaði varðandi þær upplýsingar sem þú veitir. Það þýðir meðal annars að sálfræðingur getur ekki veitt öðrum aðilum upplýsingar um þig nema með skriflegu leyfi þínu.

Undantekningar á þessu trúnaðarákvæði eru:

1. Þegar velferð barns, fatlaðs eða aldraðs einstaklings er í húfi, þá ber sálfræðingi að tilkynna það til yfirvalda (til dæmis Barnaverndar).
2. Þegar grunur leikur á að þú eða annar aðili sé líklegur til að valda sjálfum sér eða öðrum skaða, þá ber sálfræðingnum að hafa samband við einhvern tengdan viðkomandi, viðeigandi stofnun eða yfirvöld.

Sálfræðingar KMS njóta reglulegrar handleiðslu hjá reyndum sálfræðingum KMS og Institute of Psychiatry í London til að tryggja gæði meðferðar. Engar persónugreinanlegar upplýsingar eru veittar í þeirri handleiðslu.

Til að tryggja fullkominn trúnað við skjólstæðinga KMS viljum við fara þess á leit við þig að þú ræðir ekki við aðra um það hverja þú sérð eiga leið um KMS.

Upplýsingar um réttindi sjúklinga má finna á þessari vefslóð:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1997074.html>

### Greiðsla fyrir viðtöl og námskeið

Greiðsla er innt af hendi eftir hvert viðtal og þú færð kvittun fyrir greiðslunni. Viðtalið við Kvíðameðferðarstöðina kostar á bilinu 11-13.000 krónur eftir menntun og reynslu viðkomandi sálfræðings og er tekið við greiðslukortum. Viðtal hjá sálfræðinema kostar 5.500 krónur. Mörg stéttarfélag taka þátt í kostnaðinum og ef þú kýst getur þú framvísað kvittunum fyrir viðtöl eða námskeiði hjá þínu stéttarfélagi og kannað hvort þú eigir rétt á að fá kostnaðinn endurgreiddan að hluta.

Greiða þarf 20% af námskeiðsgjaldi tíu dögum áður en námskeið hefst, til að tryggja pláss á námskeiðinu. Þetta gjald fæst ekki endurgreitt ef hætt er við að koma á námskeiðið.

### Ábyrgð þín

Þú berð ábyrgð á að muna eftir að mæta í viðtalstímann þinn og ert þú ekki minnt(ur) sérstaklega á tímann. Þér ber einnig að taka virkan þátt í þeirri meðferð sem þú ert að hefja.

### Forföll

*Ef þú forfallast ertu vinsamlega beðin(n) um að láta vita af því með minnst 24 tíma fyrirvara, hvort sem er með símtali í númer 5340110, SMS skilaboði í síma 822-0043 eða tölvupósti á [kms@kms.is](mailto:kms@kms.is). Ef þú lætur ekki vita, eða lætur vita með minna en 24 tíma fyrirvara, ber þér að greiða hálf viðtalið. Þetta sama á við hafir þú fengið samþykki þriðja aðila fyrir greiðslu á viðtölum. Þeir samstarfsaðilar sem KMS vinnur með (Félagsþjónustan, endurhæfingarstöðvar og fleiri) greiða ekki fyrir viðtöl sem ekki er mætt í og fellur það því í þinn hlut að greiða fyrir slík viðtöl, ef ekki er afboðað með tilskyldum fyrirvara.*

**Neyðartilvik**

Ef þú eða einhver nákominn þér álitur líðan þína vera mjög alvarlega ber þér/ykkur að hafa samband við slysadeild, göngudeild geðdeildar Landspítala háskólasjúkrahúss eða hringja í neyðarnúmerið 112.

Ég hef lesið yfir ofangreind atriði og haft tækifæri til að spyrja út í þau.

---

Undirskrift þín og dagsetning